

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

35. fundur

haldinn að Lyngási, 4. nóvember 2010

Mættir: Björn Ármann Ólafsson formaður, Ruth Magnúsdóttir, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Þórhallur Þorsteinsson og Skarphéðinn G. Þórisson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerða
2. Stjórnarfundur 20. október
 - a. Fjármál
 - b. Verndaráætlunin
 - c. Framkvæmdir síðastliðið sumar
 - d. Stjórnun þjóðgarðsins
 - e. Lagabreytingar
3. Skýrsla þjóðgarðsvarðar
4. Starf svæðisráðs framundan
5. Fundaáætlun svæðisráðs
6. Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.10. Gengið var til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerða

Undirritaðar áður samþykktar fundargerðir frá síðustu fjórum fundum, 31. - 34. fundi.

2. Stjórnarfundur 20. október

Formaður gerði grein fyrir síðasta stjórnarfundum sem haldinn var 20. október. Var það síðasti stjórnarfundur Önnu Kristínar Ólafsdóttur sem formanns. Í fréttum í dag kynnti umhverfissráðherra að Kristveig Sigurðardóttir er nýskipaður formaður stjórnar og varaformaður er Rósa Björk Halldórsdóttir.

a) Fjármál

Ljóst er að kostnaður vegna verndaráætlunar og umhverfisstaðlar við byggingu Snæfellsstofu hefur sett fjárhagsáætlun þjóðgarðsins fyrir árið úr skorðum en verið er að reyna að sækja það fá á fjáráukalögum.

Framkvæmdafé í frumvarpi til fjárlaga er skorið nánast alveg niður en heildarniðurskurður á fjárveitingum til þjóðgarðsins er rúm 18%. Einnig er gerð meiri krafa um sértekjur hjá þjóðgarðinum og ljóst að ekki er hægt að búast við þeim vexti í starfsemi á Austursvæði sem vonir stóðu til.

b) Verndaráætlunin

Enn er beðið eftir staðfestingu umhverfissráðherra á áætluninni.

c) Framkvæmdir síðastliðið sumar

Framkvæmdum utandyra við Snæfellsstofu er að ljúka með pallasmíði. Síðasti verkfundur áætlaður um miðjan mánuðinn. Búið er að tilnefna Snæfellsstofu til alþjóðlegra arkitektaverðlauna.

d) Stjórnun þjóðgarðsins

e) Lagabreytingar

Umræða hefur verið í stjórn um stjórnsýslu þjóðgarðsins og ábyrgð framkvæmdastjóra. Ljóst er að á næstu misserum verður þetta tekið til endurskoðunar enda gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðun eigi síðar en 2013.

Formaður sagði frá ýmsu öðru sem var til umræðu á stjórnarfundinum. Stefnt er að næsta stjórnarfundum 16. nóvember.

3. Skýrsla þjóðgarðsvarðar

Þjóðgarðsvörður sagði lauslega frá því hvernig starfið í sumar hefði gengið fyrir sig. Landverðir eru að skila af sér sumarskýrslum fyrir svæðin. Innra skipulag gekk aðeins úr skorðum uppi á hálendinu vegna mikilla anna kringum opnun Snæfellsstofu. Tvær kærur hafa verið lagðar fram af þjóðgarðsverði vegna utanvegaaksturs.

Í umræðum kom upp vöntun á almennilegum skiltum með kortum við þjóðgarðsmörkin á Snæfellsöræfum sem og nauðsyn þess að hafa meira eftirlit eftir að veiðitími hefst síðsumars.

Þjóðgarðsvörður telur að um 6000 manns hafi heimsótt Snæfellsstofu í sumar. Sérfræðingur austursvæðis lét af störfum í lok ágúst en sumarstarfsmaður var ráðinn áfram til að vinna samhliða þjóðgarðsverði í vetur. Ætlunin er að auglýsa stöðu sérfræðings aftur í febrúar. Rætt um fyrirkomulagið á Norðursvæði þar sem sérstakur hálendisfulltrúi hefur verið ráðinn sem eins konar yfirlandvörður.

4. Starf svæðisráðs framundan

Þórhallur vakti máls á því að svæðisráð færi að vinna að tillögum um stækkun þjóðgarðsins. Svæðisráð sammála um að taka umræðu um stækkun á Austursvæði þjóðgarðsins fyrir á næsta fundi.

Veiðimál voru rædd og umgengi gæsaveiðimanna, m.a. á svæðinu milli þjóðgarðsmarka og Háslóns í haust. Svæðisráð sammála um að leita þurfi leiða til að bæta ástandið sem sannanlega var þar í haust. Samþykkt að fá fulltrúa lögreglunnar á næsta fund til að ræða þessi mál og utanvegaakstur. Einnig rætt um að fá fleiri aðila til fundar við svæðisráðið eins og jeppamenn og veiðimenn.

5. Fundaáætlun svæðisráðs

Næsti stjórnarfundur ákveðinn fimmtudaginn 2. desember kl. 17.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.05.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Ruth Magnúsdóttir

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Skarphéðinn G. Þórisson